

Starfskjarastefna Júpíters rekstrarfélags hf.

1. gr. Markmið

Starfskjarastefna Júpíters rekstrarfélags hf., hér eftir nefnt JR eða félagið, endurspeglar markmið félagsins að laða til sín hæfustu stjórnendur og starfsfólk á hverjum tíma til að tryggja framgang og samkeppnisstöðu félagsins.

2. gr. Þóknun stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skulu greidd laun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga um hlutafélög. Gerir stjórnin tillögu um stjórnarlausn fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þeim tíma sem varið er til stjórnarstarfa og afkomu félagsins.

Stjórnarmenn geta ekki verið hluti af kaupaukakerfi JR.

3. gr. Starfskjör

Stjórn ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og framkvæmdastjóri ákveður kjör annarra starfsmanna í samráði við stjórn. Við ákvörðun starfskjara skal taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Gera skal skriflegan ráðningarsamning.
- Grunnlausn og aðrar greiðslur skulu vera samkeppnishæf og taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans.
- Heimilt er að semja um kaupauka í samræmi við kaupaukakerfi JR.
- Önnur starfskjör svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof og uppsagnarfrestur skulu vera í samræmi við það sem tíðkast innan sambærilegra fyrirtækja.
- Við gerð ráðningasamnings skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningasamningi.
- Félagið gerir ekki eftirlaunasamninga við starfsmenn félagsins og eru engir slíkir í gildi.

4. gr. Upplýsingagjöf á aðalfundi

Á aðalfundi skal stjórn gera grein fyrir kjörum framkvæmdastjóra. Upplýsa skal um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu, greiðslur frá öðrum félögum í sömu fyrirtækjasamstæðu, fjárhæð kaupauka, starfslokagreiðslur ef einhverjar eru, auk heildarfjárhæðar annarra greiðslna.

5. gr. Samþykkt starfskjarastefnu

Starfskjarastefna félagsins skal samþykkt á aðalfundi. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir stjórn félagsins mæli lög ekki fyrir um annað.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

Samþykkt á aðalfundi Júpíters rekstrarfélags hf. dags. 11. mars 2019